

Ár 1984, miðvikudaginn 25. janúar, var í málinu nr. 4/1983 kveðinn upp af Yfirfasteignamatshnefnd svohljóðandi

Ú R S K U R Ð U R :

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 26. maí 1983, óskuðu Félagasamtökin Vernd eftir því við nefndina, að hún úrskurðaði um skyldu samtakanna til að svara Reykjavíkurborg fasteignaskatti af fasteignunum að Ránargötu 10 og Skólavörðustíg 13 A. Í nefndu bréfi segir meðal annars:

"... Félagasamtökin Vernd eru einu landssamtökin sem halda uppi starfsemi við aðstoð fanga og fyrrverandi fanga. Starfið felst m.a. í því að reka, með sem bestum og árangursríkustum hætti, þau tvö heimili fyrir fyrrverandi fanga sem Vernd starfrækir, í eigin húsnæði að Ránargötu 10, Reykjavík, og í leiguhúsnæði að Skólavörðustíg 13 A, Reykjavík. Á þessum heimilum er rúm fyrir 17 vistmenn.

Skilyrði til að fá þar inni eru að viðkomandi stundi bindindi á vín og önnur fíkniefni, innan húss og utan, sé reglusamur í líferni, í fastri vinnu og greiði vistgjald eins og ákveðið er hverju sinni. Heimili þessi eru hugsuð sem áfangastaður út í þjóðlífið.

Reynslan af þessum heimilum er mjög góð og eru þau alltaf fullsetin, þannig að tekist hefur að leiða margan manninn á réttar brautir, og minnka strauminn í fangelsin á ný. ..."


Fyrir liggur í málinu umsögn Reykjavíkurborgar frá 8. nóvember 1983.


Með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um þá starfsemi, er kærandi annast í þeim húseignum, sem að ofan greinir, ber að líta svo á, að um sé að ræða endurhæfingarstöðvar í skilningi laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga. Það er hins vegar skilyrði undanþágu samkvæmt 5. gr. laganna, að húsnæði sé í eigu þess aðila, sem starfsemina annast, sbr. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt. Er því aðeins fasteignin að Ránargötu 10 undanþegin fasteignaskatti.


Ú r s k u r ð a r o r ð :

Félagasamtökunum Vernd er eigi skylt að svara fasteignaskatti af húseigninni nr. 10 við Ránargötu í Reykjavík.

Skýlt er að svara fasteignaskatti af húseigninni nr. 13 A við Skólavörðdustíg.


Gaukur Jörundsson


Andrés Svanbjörnsson


Bjarni Kristinn Björnason